

Forseti, ágætu bæjarfulltrúar.

Velferðarstefna Akureyrarbæjar grundvallast á þremur gildum, fagmennsku, virðingu og gagnsæi. Á þeim tímum sem við höfum verið að upplifa og sjáum ekki fyrir endann á finnst mér þessi gildi hafa kristallast í öllum þeim störfum og í því starfsfólki sem heyrir undir velferðarráð. Mér finnst þrekvirki hafa verið unnið þar sem starfsfólk hefur aðlagð líf sitt að því starfi sem það sinnir og sett hagsmuni skjólstæðinga sinna framár sínum eigin. Fyrir þetta vil ég þakka og það er mín upplifun að íbúar Akureyrarbæjar búi við öflugt öryggisnet og sem þeir geti treyst þegar á reynir og starfsfólk hafi staðist þetta álagspróf upp á 10. Velferðarráð vinnur samkvæmt velferðarstefnu Akureyrarbæjar og þeirri aðgerðaráætlun sem sviðin unnu út frá stefnunni. Ég mun gera grein fyrir hverjum málaflokki fyrir sig sem heyrir undir velferðarsviði.

Fjölskyldusvið

Fjölskyldusvið veitir þjónustu skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, barnaverndarlögum og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Tekið er á mót og unnið úr umsóknum um fjárhagsaðstoð, veitt félagsleg ráðgjöf og unnið að því að tryggja börnum viðunandi uppeldisskilyrði. Úrræðum er beitt til verndar einstökum börnum þegar þess er þörf og í þeim tilgangi að styrkja uppeldishlutverk fjölskyldunnar. Sérhæfð þjónusta við fatlaða felst í ráðgjöf til fatlaðra og fjölskyldna þeirra m.a. í formi stuðningsviðtala og samhæfingar á þjónustu og fræðslu. Tekið er á mót umsóknum um stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn og mat lagt á umönnunarpörf. Umsjón félagslegra íbúða Akureyrarbæjar falla undir fjölskyldusvið og þar er tekið á mót umsóknum um íbúðir og um sérstakan húsnæðisstuðning.

Félagsþjónusta

Veitt er margvísleg félagsleg ráðgjöf og geta ástæðurnar m.a. verið vegna fötlunar, öldrunar, áfengis- og vímuefnavanda, fjárhagserfiðleika, heimilisleysis, sambúðarslita, málefna barna og ungmenna, atvinnuleysis, innflytjenda og flóttafólks. Markmið félagslegrar ráðgjafar er alltaf að styðja fólk til sjálfshjálpar. Ýmsum úrræðum er beitt til að ná því markmiði s.s. fjárhagsaðstoð, leiguhúsnæði sveitarfélagsins og sérstökum húsnæðisstuðningi.

Félagsþjónustan tekur þátt í margs konar verkefnum og samstarfi þvert á stofnanir. Má þar nefna þátttöku í stofnun Bjarmahlíðar, sem er miðstöð fyrir þolendur ofbeldis en Bjarmahlíð leggur áherslu á þverfaglega samvinnu í þjónustu sinni við brotþola. Einnig má nefna Aflið sem félagsþjónustan á í mjög góðu samstarfi um einstök mál.

Fjárhagsaðstoð

Útgjöld til fjárhagsaðstoðar hækkuðu talsvert á milli árunna 2018 og 2019. Heildarútgjöldin voru 153.648.399 á móti 119.295.947 m.kr. árið 2018 sem er um 34 milljón króna hækkun. Viðtakendur fjárhagsaðstoðar voru einum fleiri eða 319 á móti 318 árið áður.

Hlutfall þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð 2019 er undir 2% af íbúafjölda sveitarfélagsins sem er óbreytt frá fyrra ári eða 1.68%. Eins og á síðasta ári voru einhleypir karlar stærsti hópurinn eða 36% en hlutfall einstæðra mæðra 28%. Yngsti aldurshópurinn, undir 25 ára hefur oftast verið á bilinu 30 – 40 % á síðasta ári var hlutfallið 36%.

Eftir fjóra mánuði af yfirstandandi ári eru heldur fleiri sem hafa þurft á fjárhagsaðstoð að halda og útgjöldin hafa einnig vaxið lítilsháttar.

Félagslegt leiguhúsnæði og sérstakur húsnæðisstuðningur

Akureyrarbær leigir út 346 eignarhluta í félagslega leiguhúsnæðiskerfinu en inn í þeirri tölu er sértækt húsnæði fyrir fatlað fólk. Félaglegt leiguhúsnæði er ætlað einstaklingum og fjölskyldum sem ekki hafa kost á að afla sér húsnæðis með öðrum hætti. Biðlisti er eftir félagslegu leiguhúsnæði en í lok síðasta árs voru 131 umsækjandi á biðlista og auk þess voru 25 að bíða eftir flutningi milli íbúða Akureyrarbæjar. Biðin er lengst eftir 2 herbergja íbúð eða um 4 ár. Á síðasta ári bárust 163 umsóknir um sérstakan húsnæðisstuðning, af þeim voru 112 eða 69% samþykktar en 51 eða 31% synjað. Útgjöld til þessa málaflokks á árinu voru 81.458.625 kr. sem var hækkun um 6.045.986 kr.- frá fyrra ári.

Fjölskyldusvið var í samningviðræðum við Hjálpræðisherinn um að setja á fót áfangahéimili og átti það að vera staðsett í húsnæði hersins við Hvannavelli. Á vormisserinu óskaði herinn eftir því að segja sig frá verkefninu og báru við stórum fjárfestingum Hjálpræðishersins í Reykjavík, miklum kostnaði við að breyta húsnæðinu sínu auk þess að athugasemdir íbúa á svæðinu höfðu áhrif. Það er því komið verkefni fyrir okkar að leysa og koma þessu máli aftur á rekspól.

Góðu fréttirnar eru hins vegar að nú er búið að auglýsa hönnun og byggingu á tveimur litlum einbýlishúsum og finna þeim stað og er rými fyrir tvö í viðbót og það eykur möguleika sviðsins að finna úrræði við hæfi fyrir þjónustuþega.

Askjan

Askjan – fjölskyldustuðningur veitir markvissa aðstoð til barnafjölskyldna inn á heimili þeirra í formi fræðslu og ráðgjafar er varðar uppeldi og heimilishald. Markhópurinn er foreldrar/foreldri sem eiga í erfiðleikum með uppeldislutverkið, ýmist vegna aðstæðna foreldranna sjálfra, erfiðleika hjá barninu eða umhverfisþátta. Þjónustan er fyrst og fremst í formi heimsóknna inn á heimili og hefur mikil eftirspurn verið

eftir þjónustunni. Virk mál voru alls 52 og af þeim var hafin vinna í 33 á árinu. Vinnu lauk við 27 mál og voru fjórar fjölskyldur á biðlista í lok árs. Lengd mála var að meðaltali 7,1 mánuðir þar sem stysta málið tók 2 mánuði en það lengsta meira en 24 mánuði.

Barnavernd

Á síðasta ári var tekið við 613 barnaverndartilkynningum sem er töluverð fjölgun frá árinu þar á undan þegar 554 tilkynningar bárust. Þá voru alls 340 börn skráð til vinnslu hjá barnavernd á nýliðnu ári á móti 305 börnum árið 2018. Tilkynningum um ofbeldi gagnvart börnum og um áhættuhegðun barna fjölgaði milli ára þó flestar tilkynningar varði enn vanrækslu foreldra gagnvart börnum og þá flest í flokki áfengis- og vímuefnavanda foreldra.

Í lok síðasta árs voru 23 börn í varanlegu fóstri á vegum nefndarinnar sem er aukning frá árinu á undan. Þá voru 11 börn í tímabundnu fóstri eða tímabundinni vistun á grunni 84.gr.bvl. í lok ársins. Sex ungmenni voru vistuð í neyðarvistun á Stuðlum á síðasta ári sem er nokkur aukning frá síðasta ári og endurspeglar þá aukningu sem varð í tilkynningum um áhættuhegðun barna.

Þá má geta þess að mikil aukning varð á útköllum á bakvakt barnaverndar á síðasta ári, sérstaklega þegar líða fór á árið sem staðfestir aukinn þunga í barnaverndarmálum. Á síðasta ári voru um að ræða 86 útköll á bakvakt á móti 50 árinu á undan. Þá eru ótalin símtöl á bakvakt og leysast á annan hátt en með útköllum starfsmanns. Með vaxandi þunga í barnaverndarmálunum hefur það verið sérstakt verkefni að styrkja barnaverndarstarfið m.a. með ráðningu lögfræðings að sviðinu en sú aðgerð hefur reynst afar vel. Þessi aukni þungi í barnaverndarmálum síðustu misseri sem kemur m.a. fram í fleiri málum þar sem þarf að vista börn af heimilum sínum og fleiri málum sem fara fyrir dómstóla.

Margvísleg samstarfsverkefni barnaverndar við aðra þjónustuaðila og stofnanir voru virk á síðasta ári eins og árin á undan og má nefna sérstaklega nána samvinnu við lögregluna, sér í lagi í tengslum við ofbeldismál og bráðamál. Þá hefur faglegt samband við skóla verið gott og reglulegt og tengiliður hefur verið við hvern skóla og flesta leikskóla líka. Þá er góða samvinna við forvarna- og frístundastarf í Rósenborg og unnið að ýmsum sameiginlegum verkefnum allt árið um kring. Þá er ómetanlegt samstarfið við skólaþjónustu og félagsþjónustu. Mikilvægt er að nefna þróunarstarf sem hefur átt sér stað á árinu í samvinnu við verkefnið „Barnvænt sveitarfélag“. Hafist var handa við það á vordögum að vinna að fræðslupakka og hanna rafrænan tilkynningahnapp með það að markmiði að auka meðvitund barna og ungmenna og möguleika þeirra á að tilkynna sjálf til barnaverndar. Í því skyni var m.a. unnið að því að gera barnavernd aðgengilegri á heimasíðu Akureyrarbæjar. Þá var unnið að gerð rafrænnar handbókar um tilkynningaskylduna og hönnun tilkynningareyðublaðs. Þessu verkefni verður framhaldið árið 2020 og er markmiðið að fara með kynningu til skólastjórna og nemenda í ákveðnum bekkjardeildum. Einnig er vert að geta þess að í

tengslum við þá áætlun á að þróa úrræði fyrir börn sem orðið hafa fyrir heimilisofbeldi var farið í að innleiða í barnavernd sérstaka og gagnreynda samtalsmeðferð fyrir börn sem kallast „Trappan“. Fengin var sérstök kynning á úrræðinu auk þess sem farið var í námsferð til Svíþjóðar þar sem starfsmenn fengu sérstaka þjálfun í beitingu aðferðarinnar hjá einum af höfundi „Tröppunnar“. Verklagið sjálft og sérstakt viðtalsherbergi var tilbúið undir lok ársins.

Útibú Barnahús á Akureyri opnað 1. apríl 2019 með formlegum hætti. Frá þeim tíma hafa öll könnunarviðtöl, skýrslutökur lögreglu og meðferðarviðtöl sérfræðinga Barnahúss fyrir börn og ungmenni á svæðinu farið fram hér á Akureyri en útibúinu er ætlað að þjónusta allt Norðurland. Þannig var því markmiði náð að færa þjónustuna við börn og ungmenni nær heimabyggð. Þessi þjónusta hefur má segja staðist allar væntingar að mati starfsmanna barnaverndar og almenn ánægja með aðstöðuna enda búin fullkomnum tækjum og aðstöðu til viðtala og skýrslutöku við börn. Á síðasta ári eða frá 1. apríl fóru fram í útibúinu hátt í 100 meðferðarviðtöl, 2 könnunarviðtöl og 12 skýrslutökur fyrir dómi.

Alþjóðastofa

Um síðustu áramót flutti Alþjóðastofa til fjölskyldusviðs. Var sú ákvörðun tekin þar sem sífellt fjölgaði aðilum með erlent ríkisfang sem leituðu til sviðsins auk þess að þessi þjónusta skaraðist milli þessara tveggja stofnana. Flutningurinn hefur gengið vel og ávinningur af því að er að okkar mati að þjónustan er betri og nýting á þekkingu starfsmanna hefur orðið meiri.

Frá árinu 2015 hefur fjöldi fólks með erlent ríkisfang tvöfaldast frá 506 í desember 2015 í 1089 í desember 2019. Aðlögun flestra gengur vel og rannsóknir sem Háskólinn á Akureyri hefur gert sýna að aðfluttir eru almennt ánægðir með búsetuna. Mikilvægt er að fólk sem ekki hefur íslensku að móðurmáli hafi aðgang að helstu upplýsingum hvað varðar réttindi og skyldur í íslensku samfélagi.

Hópur sem kemur úr erfiðustu aðstæðunum þarf þó á meiri aðstoð að halda. Erfitt getur reynst að rata um íslenska kerfið, læra málið, venjur og siði. Sá hópur þarf því oft meiri leiðsögn og stuðning. Ekki síst þarf fólk oft að vinna úr erfiðum áföllum og þurfa því á sálfræðiaðstoð að halda sem er lítt aðgengileg á öðrum málum en íslensku. Ríkið, í samstarfi við sveitarfélögin er að vinna að samræmingu á móttöku fólks af erlendum uppruna, hvort heldur sem er kvótaflóttafólk eða annarra og væntingar standa til þess að auðveldara verði í framhaldinu að veita fólki af erlendum uppruna nauðsynlegan stuðning.

Covid

Starfshópurinn á skrifstofu sviðsins í Glerárgötu var tvískiptur frá 18. mars til þess að tryggja órofna þjónustu. Vinnustöðunum Plastiðjunni Bjargi – Iðjulundi og Skógarlundi var lokað fyrir notendum en starfsfólk Skógarlundar sinnti notendum á heimilum þeirra. Bráðabjónustu var sinnt s.s. í barnavernd og umsóknir afgreiddar um félagslega hjálp. Bráðabjónustu var sinnt s.s. í barnavernd og umsóknir afgreiddar um félagslega hjálp. Áhyggjur voru af börnum í viðkvæmri stöðu og brugðist við með því að þétta samstarf allra þeirra aðila sem koma að þjónustu við þessi börn s.s. fræðslusvið, samfélagssvið og fjölskyldusvið.

Almannaheillanefnd var kölluð saman á ný og var það auðsótt mál því Akureyrarbær stofnaði til hennar árið 2008 þannig að verklagið var til en hugmyndin með almannaheillanefnd er að kortleggja ástandið og stilla saman strengi félaga og stofnanna s.s. Vinnumálastofnunar, stéttarféлага, SÁÁ, Rauða krossins og þjóðkirkjunnar. Ég tel þessa vinnu mjög mikilvæga því með virku samtali ólíkra aðila fæðast góðar hugmyndir og við minnkum líkur á að fólk falli á milli kerfa.

Tekin voru stór skref varðandi tækispróun bæði varðandi fjarfundi og eins var hugbúnaðurinn Kara Connect tekin í notkun en hann gerir sérfræðingum kleift að sinna viðtölum í gegnum netið á öruggan hátt. Svona þjónusta styttr auðvitað vegalengdir og með svona þjónustu verða Grímsey og Hrísey jafn nálægt og önnur hverfi Akureyrarbæjar. Ljóst er að þessi tækni muni bæta þjónustuna og auka hagkvæmni þegar til lengri tíma er litið.

Búsetusvið

Búsetusvið er hluti af félagsþjónustu Akureyrarbæjar og veitir íbúum bæjarins ýmiss konar búsetuþjónustu. Með búsetuþjónustu er átt við þjónustu sem miðar að því að styðja við sjálfstæða búsetu fólks og/eða skapa fólki aðstæður til að lifa sem eðlilegustu lífi á heimili sínu þrátt fyrir skerðingu á færni og breytingu á höfum sem kunna að verða samfara hækkandi aldri, fötlun eða veikindum.

Búsetusvið vinnur eftir þrjúþættri hugmyndafræði en það er hugmyndafræði um valdeflingu en hún miðar að því að efla getu einstaklingsins til að stjórna eigin lífi, taka sjálfstæðar ákvarðanir, nýta réttindi sín og öðlast þau lífsgæði sem eðlileg þykja. Starfsfólk og notendur þjónustunnar vinna saman á jafningjagrunni. Starfsfólkið leggur áherslu á að skapa aðstæður fyrir notendurna til að geta komið í framkvæmd eigin hugmyndum svo þeir fái notið sín sem best.

Það er hugmyndafræði um þjónandi leiðsögn sem byggir á einstaklingsmiðaðri nálgun þar sem samskipti á milli starfsfólks og notenda eru þungamiðjan. Vinátta, umhyggja, tengsl og hvatning eru grundvallaratriði í samskiptum en skilyrt umbun og refsingar eru ekki viðurkenndar sem aðferð. Lögð er áhersla á að nálgast

einstaklinginn með alúð, vináttu og umhyggju og hvetja hann til að setja sér markmið og veita aðstoð við að ná þeim.

Það er hugmyndafræði um skaðaminnkandi nálgun en í þjónustu við afmarkaðan hóp einstaklinga sem eru heimilislausir eða líklegir til að missa húsnæði sitt vegna hegðunar sem tengist geð- og fíknivanda er unnið í anda hugmyndafræði um skaðaminnkun og húsnæði fyrst (e. Housing first). Lögð er áhersla á að tryggja einstaklingnum öruggt húsnæði án þess þó að krefjast bindindis. Þetta er gert í þeim tilgangi að skapa aðstæður og hvata fyrir einstaklinginn til að vinna með vanda sinn og draga úr heilsufars-, félags- og efnahagslegum afleiðingum vímuefnaneyslu. Veittur er stuðningur og ráðgjöf í samræmi við þarfir og vilja hvers og eins til að bæta félagslega stöðu og draga úr óæskilegri hegðun án skilyrða um að hætta neyslu.

Búsetusvið Akureyrarbæjar veitir mjög fjölbreytta þjónustu. Þar á meðal: Heimaþjónustu, heimsendan mat, félagslega liðveislu, búsetu með þjónustu, skammtí mavistun fyrir fatlað fólk, skólavistun fatlaðra barna, ráðgjöfin heim, ráðgjöf iðjubjálfa, Gránufélagsteymi, Lautina og notendastýrða persónulega aðstoð NPA.

Akureyrarbær rekur í dag sjö búsetukjarna fyrir fatlað fólk með þroska skerðingar og þrjú búsetukjarna fyrir geðfatlað fólk, þrjú herbergjasambýli og þjónustar eitt í viðbót. Það er mikið ánægjuefni að segja frá því að í sumar verður nýr búsetukjarni tekinn í notkun við Klettaborgir.

Aðeins til að við áttum okkur á helstu tölum um fjölda einstaklinga sem fá þjónustu frá sviðinu að þá var fjöldi þeirra sem eru í búsetu með þjónustu 76 og á biðlista voru 16 og allir voru á biðlista fyrir þjónustukjarna. Heimaþjónustan þjónustaði 921 einstaklingur eða 688 heimili. Ráðgjöfin heim er hluti af almennri félagslegri heimaþjónustu og er ætluð fullorðnum fötluðum einstaklingum í sjálfstæðri búsetu. Á síðasta ári fengu 36 einstaklingar þjónustu en 5 voru á biðlista. Gránufélagsteymi er þjónusta fyrir einstaklinga með tvíþætta greiningu og viðvarandi vímuefnavanda og er veitt frá kl. 10-20 alla daga vikunnar. Á síðasta ári fengu 49 einstaklingar þjónustu frá teyminu. Á árinu 2019 tók Akureyrarbær við rekstri Lautarinnar, sem er athvarf fyrir geðfatlað fólk. Markmið starfseminnar er að rjúfa félagslega einangrun geðfatlaðra, draga úr endurinnlögnum á geðdeildir og skapa umhverfi þar sem ríkja gagnkvæm virðing og traust og tillit er tekið til hvers og eins. Nú er verið er að þróa starfsemina enn frekar þannig að hún höfði til breiðari hóps, sérstaklega yngra fólks.

Til þess að sinna þessum fjölbreyttu verkefnum sem tilheyra sviðinu er unnið með velferðartækni til að bæta gæði þjónustunnar og er mikil vinna í gangi við að innleiða Memaxi í heimaþjónustu og í þjónustukjörnum, bæði gagnvart starfmannahópum en ekki síður í vinnu með einstaklingum. MEMAXI

auðveldar allt skipulag í kringum aðstoð og umönnun, bætir samskipti, rýfur einangrun og veitir þeim sem njóta langtímaaðstoðar nauðsynlegt öryggi og ró.

Velferðartækni og nýsköpun í velferðarþjónustu er til þess fallin að einfalda og bæta þjónustu við íbúa og ég hef fulla trú á að þar sé hægt að sækja fram og styðja við okkar starfsfólk.

Akureyrarbær fékk styrk frá Sambandi íslenskra sveitafélaga til að gera úttekt á málaflokki fatlaðra en með því verður farið yfir rekstur málaflokksins og hvað megi betur fara.

Covid

Starfsmenn hafa allir sem einn hafa staðið sig ótrúlega vel, sýnt sveigjanleika og þolgæði. Sviðið var vel undirbúið og allt gekk eins vel og betur en hægt var að ímynda sér. Þjónustukjarnarnir komu vel út úr covid nema þar hefur fólk lítið farið út en það stendur til bóta. Engin veikindi komu upp og engin sóttkví hjá íbúum sem er gleðiefni. Þegar á heildina er lítið í Covid ástandinu tókst vel að halda uppi þjónustu þó aðeins þyrfti að skerða þjónustu hjá ákveðnum hópi fólks.

Í þessum málaflokki stöndum við frammi fyrir áskorun sem vert er minnst á.

Áskorun fyrir okkur í pólitíkinni í samskiptum við ríkið er hönnun og bygging á nýjum þjónustukjarna fyrir öryggisvistun en það er þjónusta sem við sinnum í samstarfið við ríkisvaldið.

Eins höfum við verið huga að samtölum við ríkið um heimahjúkrun og mögulega hvort hún ætti heima hjá Akureyrarbæ, með það fyrir augum að það séu færri starfsmenn sem sinna hverjum og einum að gera þjónustu markvissari og betri fyrir þjónustunotendur.

Jafnframt þarf að skoða heimaþjónustuna en breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga gera það nauðsynlegt að stokka upp í heimaþjónustunni og félagslegu liðveislunni. Þjónustan hefur einnig verið að breytast, fólk er lengur heima og þarf meiri þjónustu en áður. Þjónustan nú er fjölbreyttari og meiri þörf á faglegu starfi.

Öldrunarheimili Akureyrar

Öldrunarheimili Akureyrar (ÖA) eru hluti af velferðarþjónustu Akureyrarbæjar og veita íbúum ýmiss konar þjónustu og ráðgjöf á sviði öldrunarþjónustu. Á ÖA eru starfrækt hjúkrunar- og dvalarrými fyrir aldraða og aðra einstaklinga sem hafa viðurkennt mat á þörf. Þar eru almenn og sértæk rými í dagþjálfun fyrir aldraða og einstaklinga með heilabilun. Auk aldraðra Akureyringa eiga aldraðir íbúar nágrannasveitarfélaga kost á þjónustu á öldrunarheimilunum samkvæmt sérstökum samningi við nágrannasveitarfélögin.

Öldrunarheimilin starfa á grundvelli hugmyndafræði Eden og þjónandi leiðsagnar með áherslu á eflingu og stuðning til sjálfsbjargar og sjálfstæðis íbúa og notenda þjónustunnar. Framtíðarsýn ÖA er að vera leiðandi í hjúkrunar- og öldrunarþjónustu á Íslandi þar sem öll umönnun, almenn sem sérhæfð byggir á fræðilegum grunni. Þannig sé á hverjum tíma veitt heildstæð hjúkrunar- og öldrunarþjónustu sem stuðli að auknum lífsgæðum íbúa og annarra þjónustuþega.

ÖA eru rekin af Akureyrarbæ samkvæmt sérstökum samningi við heilbrigðis- og velferðarráðuneyti og starfa á grundvelli laga og kröfulýsinga og stefnumiða um þjónustu við aldraða. Velferðarráð Akureyrarbæjar hefur yfirumsjón með rekstri öldrunarheimilanna fyrir hönd bæjarins.

Á Öldrunarheimilum Akureyrar eru núna starfrækt 173 hjúkrunarrými og 8 dvalarheimilisrymi. Af 173 hjúkrunarrýmum eru þrjú þeirra skráð sem geðrymi á hjúkrunarheimili en þau hafa verið starfrækt síðan 2018. Undangengin ár hefur ÖA verið að fækka dvalarrýmum og fjölga hjúkrunarrýmum. Af áður nefndum 173 hjúkrunarrýmum hafa 17 þeirra verið nýtt til tímabundnar dvalar.

Á Öldrunarheimilum Akureyrar hefur nýsköpunar- og þróunarverkefnið um sveigjanlega dagþjálfun verið starfrækt síðan í febrúar 2019. Niðurstaða verkefnisins að sveigjanlega dagþjálfunin hefur aukið fjölbreytni í þjónustu við eldra fólk á Akureyri og er í takti við stefnumörkun stjórnvalda um fjölbreytt úrræði með áherslu á forvarnir og persónumiðaða þjónustu. Þessi þjónusta er gríðarlega mikilvæg til þess að mæta þeim áskorunum í heilbrigðisþjónustu og samfélaginu með hækkandi hlutfalli aldraðra og ólíkum þörfum einstaklinga. Árið 2019 voru 14% Íslendinga 65 ára og eldri. Gert er ráð fyrir að árið 2050 verði 25% Íslendinga 65 ára og eldri. Árið 2019 voru 66 einstaklingar sem nýttu sér sveigjanlega dagþjálfun. Þessir einstaklingar voru í þeirri stöðu að þurfa stuðning í daglegu lífi. Flestir þáðu þjónustu á dagvinnutíma en þeir sem glíma við heilabilun notuðu frekar sveigjanlega þjónustutímamann. Eftir fyrsta áfangamat á þessari þjónustu að þá fyrir það fyrsta, upplifa notendur meiri vellíðan, sálfélagslega og líkamlega. Aðstandendur upplifa marktækar breytingar á atgervi og líðan notenda og svona mætti lengi telja. Samfélagslegur ávinningur sem birtist í áfangamatinu er að breyta óvirkum þjónustutíma í virkan, auka lífsgæði notenda og fjölskyldna þeirra með stuðningi til búsetu heima. Að þessu sögðu verður að hrósa starfsfólki ÖA fyrir þetta verkefni sem og það starf sem þar er unnið, kraftur, fagmennska, nýsköpun og sveigjanleiki einkennir starfið og er það til fyrirmyndar.

Annað verkefni sem vert er að nefna er Styðjandi samfélag en Akureyrarbær er fyrsta sveitarfélagið á Íslandi til að hefja vegferð í átt að samfélagi sem er vinveitt og meðvitað um þarfir einstaklinga með heilabilun og aðstandendur þeirra. Það er verkefni sem hefur verið í undirbúningi frá árinu 2018 og er

gríðarlega mikilvægt því tölur sína að um 5000 Íslendingar glíma heilabilun. Á þessu ári verður farið í að uppfræða vinnustaði um sjúkdóminn og hvernig við verðum styðjandi samfélag og má nefna að þeir sem fá fræðslu eru heilbrigðisstarfsfólk, sjúkraflutningafólk, lögregla og starfsfólk í verslunum, sundlaugum, söfnum og hef ég fulla trú á að fleiri stofnanir óski eftir viðlíka fræðslu. Samkvæmt aðgerðaráætlun heilbrigðisráðuneytis (apríl 2020) á hvert heilbrigðisumdæmi að vera með heilabilunarráðgjafa og á ÖA hefur verið starfandi heilabilunarráðgjafi síðan 2018 sem sinnt hefur sérstaklega málefnum einstaklinga með heilabilun og aðstandenda þeirra.

Það er alveg ljóst að við stöndum á tímamótum þegar kemur að Öldrunarheimilum Akureyrarbæjar. Bæjarstjórn er einhuga um óska eftir því að ríkisvaldið taki yfir rekstur ÖA og auk þess erum við í samningum við ríkisvaldið um byggingu á nýju hjúkrunarheimili við Lögmanshlíð. Uppbygging á nýju hjúkrunarheimili lykilþáttur í þeirri heildaráætlun sem þarf til þess að geta farið í endurbætur á Hlíð. Til viðbótar við þessi tvö stóru mál og veit ég ekki hvort þau hafi áhrif á hvert annað en það eru viðræður um að sameina/sambætta heimahjúkrun við Akureyrarbæ með það fyrir augum að gera þjónustuna enn notendamiðaðri með áherslu á samvinnu og samþættingu og gera þjónustuna heildræna.

Covid

Aðgerðir vegna Covid-19 hafa gengið vel. Skjaldborg var slegin um íbúa heimilisins af aðstandendum og starfsfólki, og hefur ekkert smit greinst á ÖA. Dagþjálfun var aðlöguð samkvæmt leiðbeiningum frá almannavörnum. Miklar varúðarráðstafanir voru gerðar auk heimsóknarbannsins, allur samgangur á milli heimila var lokaður, starfsfólk var í einkennisfatnað, starfsemi iðju- og félagsstarfs var færð inn á heimilin. Tímabundin dvöl er lokuð og opnuð var sóttvarnadeild fyrir íbúa sem smitast af covid-19, sem blessunarlega þurfti ekki að nota. Segja má að íbúar hafi verið og eru í sóttkví þar sem þeir fara ekki út af sínu heimili nema þá rétt út á svalir og umgangast einungis sína sambýlinga og starfsfólk á sínu heimili.

Það er með fagmennsku, miklum sveigjanleika og samstilltu átaki starfsfólksins sem hefur tekist að vernda íbúanna á ÖA. Starfsfólkið hefur brugðist við af mikilli óeigingirni og einfaldað líf sitt mjög mikið, stundað vinnu og haft lítil samskipti utan vinnu hvort sem það er við ættingja, vini eða vinnufélaga. Mikið hefur reynt á alla að vera í þessum aðstæðum, jákvæðni og lausnarmiðuð hugsun hjálpar til að gera daginn bærilegan. Íbúarnir hafa sýnt mikla þolmæði og tekist á við aðstæður af stóiskri ró, aðstandendur hafa sýnt mikinn skilning og verið duglegir að vera í sambandi eftir ýmsum leiðum.

Niðurlag

Ljóst er að miklar áskoranir eru framundan hjá opinberum aðilum varðandi það að tryggja velferð allra. Sú kreppa sem við sem samfélag stöndum frammi fyrir mun þýða það að nauðsynlegt verður að standa vörð um þjónustu við viðkvæma hópa og að fleiri munu þurfa á aðstoð velferðarkerfisins að halda en áður. Þannig er afar mikilvægt að Akureyrarbær treysti stoðir velferðarþjónustu sinnar og sé reiðubúinn til þess að sinna þeim þörfum sem upp kunna að koma. Almennt er mikilvægt að þjónustan sé í eðli sínu útleitandi og fyrirbyggjandi en snúið ekki einungis um að slökkva elda eins og svo oft vill brenna við.

Samþætting þjónustu fyrir aldraða er stórt samfélagslegt málefni bæði að þjónusta einstaklinginn út frá persónumiðuðum þörfum og þeim úrræðum sem eru í boði. Mikilvægt er að ekki sé verið að ýta þjónustuþega á milli þjónustuveitenda og fari jafnvel í dýrari þjónustuúrræði en þörf er á, því er það mikilvægt að samþætta þjónustuna og nýta tíma og fjármagn á ábyrgan hátt.

Á fimm sviðum Akureyrarbæjar, þar með talið búsetusviði, fjölskyldusviði og Öldrunarheimilum Akureyrar, hefur síðustu mánuði verið unnið undir handleiðslu ráðgjafa að skilgreina þjónustuna út frá sjónarhorni notandans. Markmið þessarar vinnu er að gera góða þjónustu enn betri, auka skilvirkni og nýta möguleika stafrænnar þróunar. Áframhald verður á þessari vinnu og er það von mín að samþætt þverfagleg vinna með einföldu þjónustuferli, þar sem notandinn er hafður að leiðarljósi verði lokaafurðin, og að til verði eitt velferðarsvið, þar sem fjölskyldusvið og búsetusvið sameinast undir einn hatt.

Ég hef stiklað á stóru í þessari ræðu varðandi verkefni og áskoranir sem við stöndum frammi fyrir. Mig langar að þakka félögum mínum í velferðarráði, Gunnfríði, Hermanni, Láru, Róberti og Sigrúnu, fyrir gott samstarf og samvinnu. Ég er stoltur af því starfsfólki sem starfar á sviðunum sem heyra undir velferðarráð og langar mig að þakka sérstaklega sviðsstjóra Búsetusviðs og Fjölskyldusviðs og framkvæmdastjóra Öldrunarheimila Akureyrar fyrir samstarfið á þessu ári sem ég hef setið í velferðarráði. Takk fyrir.